

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti

101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 14. október 2019
Erindi 201909449/50.13 uvi

Efni: Umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir meðal eldri borgara, mál 22.

Bæjarráð Mosfellsbæjar 1416. fundur (10.10.2019) fjallaði um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, sbr. 22. mál.

Fyrir fundinum lá minnisblað undirritaðrar dags. 7. október, þar segir að í greinargerð með tillögunni séu færð tók fyrir mikilvægi þess að þunglyndi meðal eldri borgara verði sérstaklega rannsakað og umfang þess metið. Ásamt því verði kannað hvaða leiðir séu best til þess fallnar til að koma í veg fyrir þunglyndi þessa aldurshóps, veita viðeigandi meðferð og leita leiða til að sporna gegn fjölgun einstaklinga í hópnum.

Bæjarráð fól undirritaðri að koma á framfæri að það telur verkefnið mjög mikilvægt og að ráðið styður við framgang þess.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

